

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 5. ágúst 2015
UST201507-061/B.S.
10.05.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Fiskedisstöðin Fellsmúli. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 8. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum breyting á framleiðslu fiskedisstöðvarinnar Fellsmúla skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Sótt hefur verið um leyfi til að framleiða allt að 350 tonnum af bleikju- og borrhaseiðum árlega. Nú óskar félagið eftir því að framleiðslu verði breytt þannig að dregið verði úr framleiðslu borrhaseiða og í staðinn framleidd laxa- og regnbogasilungsseiði. Árleg framleiðsla verður óbreytt eða allt að 350 tonnum.

Í greinargerð segir m.a.: „Áhrif breytt starfsleyfis mun ekki hafa áhrif á viðtaka þar sem eingöngu er verið að breyta innbyrðis tegundum laxfiska en ekki við magnið....Magn af seiðum verður ávallt innan starfsleyfismarka en magn einstakra laxfiskategunda getur orðið breytilegt....Þar sem mengunar áhrif eru mjög lík milli laxfiskategunda er ekki gert ráð fyrir breytingu á þeim við það að draga úr framleiðslu t.d. á bleikjuseiðum og auka framleiðslu á laxaseiðum eða öfugt.“

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd breyting muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svar þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Svava Pétursdóttir
Sérfræðingur